

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

11. maí 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú er námsmatið að hefjast og einungis nokkrir dagar eftir af skólaárinu og framundan skólaferðalag hjá eldri nemendum og vorþema hjá þeim yngri.

Starfið framundan:

Meningarkvöld grunnskólans 12. maí

Við viljum bjóða þér og þínum að koma á menningarkvöld í Hofsóskirkju fimmtudaginn 12. maí kl. 20:00. Að kvöldinu standa nemendur skólans á öllum aldri og ætla þeir að spila á hljóðfæri, syngja og bjóða upp á frábæran félagsskap. Það kostar litlar 1500 kr. inn fyrir 14 ára og eldri og boðið verður upp á kaffi og smákökur í hléi. Kvöldið er partur af fjáröflun fyrir skólaferðalag 8.-10. bekkjar í vor. Komið og eigið notalega stund með okkur í kirkjunni. Bestu kveðjur, nemendur Grunnskólans á Hofsósi.

Frídagur - annar í hvítasunnu

Mánudagurinn 16. maí er annar í hvítasunnu og því frídagur.

Námsmat 17. - 20. maí

Námsmat verður í skólanum 17. - 20. maí, námsmatstaflan er aftan á fréttabréfinu. Í sumum tilfellum er námsmatið hafið, þ.e. heimapróf, lokaverkefni o.þ.h.

Skólaferðalag 23. – 26. maí

Nemendur 8.-10. bekkjar leggja af stað í skólaferðalag mánudaginn 23. maí og er ferðinni heitið til Vestmannaeyja. Fararstjórar í ferðinni verða Emma Sif Björnsdóttir og Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir. Haldinn verður fundur með nemendum þar sem þeir fá nánari upplýsingar um ferðina.

Vorþema 23. – 25. maí

Meðan eldri krakkarnir eru í skólaferðalagi verða nemendur 1.-7. bekkjar í þemavinnu í skólanum. Við viljum benda á að allir þurfa að vera búnir undir útivist og er sérstaklega nauðsynlegt er að vera vel skóaður. Eins og undanfarin ár munu þeir nemendur sem hefja nám í 1. bekk í haust taka þátt í verkefninu með okkur.

Skólaslit.

Skólaslit verða föstudaginn 27. maí kl. 20:00 í Félagsheimilinu Höfðaborg. Að athöfn lokinni verður sýning á vinnu nemenda og kaffisala.

Kaffisala á skólaslitum.

Nemendafélagið verður með kaffisölu á skólaslitunum. Nemendur 8.-10. bekkjar þurfa að leggja til eitthvað tvennt með kaffinu (hvert heimili). Einnig verður leitað til foreldra 8. og 9. bekkinga með aðstoð í eldhúsi vegna kaffisölnunnar. Allur ágóði rennur í ferðasjóð.

Námsmatsvika - vorönn 2016

Bekkur/deild	Tími	Þriðjudagur 17. maí	Miðvikudagur 18. maí	Fimmtudagur 19. maí	Föstudagur 20. maí
4. - 7. bekkur	8:40 -10:10	Íþróttir	Enska	Náttúrufræði	Smíði/ Handmennt
	10:30 - 12:00	Heimilisfræði	Íslenska	Alm. kennsla Emma	Danska 7.b Íþróttir 4.-5.b
8. - 9. bekkur	8:40 -10:10	Alm. kennsla Jóhanna	Íþróttir	Alm. kennsla Jóhanna/ myndmennt	Íþróttir
	10:30 - 12:00	Enska	Alm. kennsla Jóhanna	Danska	Íslenska
10. bekkur	8:40 -10:10	Enska	Alm. kennsla Fríða	Samfélagsfræði	Íslenska
	10:30 - 12:00	Líffræði	Stærðfræði	Stærðfræði	Alm. kennsla Fríða
	13:10 – 14:30		Danska		